

Orkuver

Látið þetta orkuver framleiða jákvæða og skapandi orku!

MÁLEFNI



FRIDUR OG OFBELDI



BORGARAVITUND



ALMENN MANNRÉTTINDI

DYNGDARSTIG



STIG 3

HÓPSTÆRÐ



10+

TÍMI



90 MÍNÚTUR

Málefni	Friður og ofbeldi, borgaravitund, almenn mannréttindi
Þyngdarstig	Stig 3
Hópstærð	10+
Tími	90 mínútur
Yfirlit	Vald er oft tengt ofbeldi. Í þessu verkefni fer fram hópvinna þar sem fjallað er um mál sem tengjast: <ul style="list-style-type: none"> • Ofbeldi í samfélaginu. • Leiðum til að leysa vandann sem ofbeldi skapar.
Tengd réttindi	<ul style="list-style-type: none"> • Rétturinn á því að vera ekki mismunad. • Rétturinn til friðhelgi einkalífs, og vernd sæmdar og mannorðs.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að skapa þekkingu og skilning á ofbeldi og afleiðingum þess. • Að þroska hæfileika til samvinnu og hópvinnu. • Að sýna ábyrgð og leita nýrra leiða gegn ofbeldi.
Efniviður og aðstaða	<ul style="list-style-type: none"> • Langt og sterkt ullarband eða annað band jafnlangt herberginu. • Skæri. • Pappírsarkir í A4-stærð; sex arkir á hvern þátttakanda ættu að duga. • Merkipennar, einn á mann. • Bjalla (ekki nauðsynleg). • Límband. • Tvö herbergi (ekki nauðsynlegt en æskilegt).
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Undirbúðu annað herbergið sem „orkuver“. Hafðu autt svæði í miðjunni. Strengdu einfalt band yfir herbergið og festu endana vandlega. Þetta á að tákna rafmagnslínu. Hún ætti að vera í um það bil eins metra hæð yfir gólfinu. Strekktu ekki of mikið á henni (það þarf slaka til að geta hnýtt hnútana þegar gera þarf við línuna eftir hverja rafmagnsbilun!). • Þú getur sett skilti á hurðina með áletruninni „Orkuver“.

Leiðbeiningar

Þetta verkefni er í tveimur hlutum: fyrri hlutinn er hugarflug um tegundir ofbeldis (tíu mínútur) og seinni hlutinn vinna í orkuverinu (sextíu mínútur).

I. hluti Hugarflug um tegundir ofbeldis

1. Láttu þátttakendur taka stutt hugarflug, hvern í sínu lagi, um tegundir ofbeldis í umhverfi sínu (grunnskólanum, íþróttafélaginu, framhaldsskólanum, í hverfinu o.s.frv.). Útskýrðu vel að ekki á að horfa á „stóru málin“, svo sem hryðjuverkastarfsemi eða þjóðarmorð, heldur þær tegundir ofbeldis sem verða fyrir okkur í daglegu lífi, til dæmis einelti, hrekki, svívirðingar, kaldhæðni, ósmekklegra brandara o.s.frv.

2. Segðu þátttakendum að nota merkipennana og skrifa með stórum stöfum. Þeir ættu að nota lykilorð eða stuttar setningar og skrifa hverja hugmynd á sérstakt blað.
3. Safnaðu blöðunum saman og gáðu strax hvort einhverjir hafi nefnt það sama. Hentu þá aukablöðunum.
4. Gefðu þátttakendum fimm mínútna hlé meðan þú undirbýrð næsta hluta. Brjóttu blöðin saman í tvennt og hengdu þau yfir „rafmagnslínuna“ með um hálf metra millibili. Það þarf að líma þau á bandið svo að þau haldist á sínum stað.

2. hluti Í orkuverinu

1. Þjóddu nú þátttakendum inn í „orkuverið“ þar sem þeir eiga að vinna sem tæknimenn.
2. Skiptu þeim í tvo hópa.
3. Segðu þeim að þetta orkuver framleiði „neikvæða orku“ og þar sem „neikvæð orka“ sé mjög þung verði oft bilun í kerfinu. (Hlutverk þitt er að líkja eftir biluninni með því að klippa á bandið milli tveggja „vandamáblaða“.) Hlutverk þátttakenda er að bæta ástandið og leiða „jákvæða orku“ inn á línuna.
4. Segðu þeim að þegar bilun sé í aðsigi fari ljósinn að blikka og þau heyri í bjöllu. Um leið og rafmagnið fer verður einn úr hvorum hópi að hlaupa að línunni. Þeir grípa hvor í sinn enda „til að koma rafstraumi á aftur tímabundið“.
5. Með hinni hendinni taka tæknimennirnir blöðin sem hanga sitt hvoru megin við endana þar sem línunni slitnaði og lesa upphátt það sem á þeim stendur.
6. Nú verða báðir hópar að laga bilunina. Gefðu þeim fimm mínútur til að koma með tillögur um lausn þessara tveggja vandamála.
7. Hóparnir kynna síðan tillögur sínar hvor fyrir öðrum og ræða þær, og koma sér loks saman um lausnir. Þær eru síðan skrifaðar á blöð og afhentar tæknimönnum.
8. Tæknimennirnir hnýta nú endana á „línunni“ saman og líma „lausnablöðin“ yfir samskeytin svo að viðgerðin verði varanleg.
9. Límdu notuðu blöðin tvö á vegginn.
10. Klipptu nú einhvers staðar annars staðar á „línuna“ og láttu ferlið endurtaka sig. Verkefninu er lokið þegar öll blöðin með „tegundum ofbeldis“ hafa verið fjarlægð af línunni og „lausnablöð“ eru komin í staðinn.
11. Taktu loks öll „lausnablöðin“ af línunni og límdu þau á vegginn við hliðina á ofbeldislýsingunum.

Samantekt og mat

Byrja skal á því að fara yfir verkefnið sjálft og ræða síðan hverja ofbeldislýsingu fyrir sig og tillögurnar um lausnir:

- Hvernig leið þátttakendum meðan á verkefninu stóð? Höfðu þeir gaman af því? Hvers vegna (ekki)?
- Hverjar eru orsakir þeirra tegunda ofbeldis sem voru tilgreindar?
- Voru tillögurnar um lausnir og aðgerðir raunsæjar? Voru þetta skammtímalausnir? Fundust langtímalausnir?
- Hvaða erfiðleikum eða andspyrnu gætu menn mætt ef reynt væri að nota þessar lausnir?
- Hvernig getur ungt fólk komið í veg fyrir ofbeldi eða barist gegn því?
- Hvaða mannréttindum er ógnað með ofbeldi?

Lykildagsetning

20. febrúar
Dagur friðsamlegra
mótmæla

Ábendingar til leiðbeinanda

Gefa verður þátttakendum 10 mínútur í 1. hlutanum, þeir þurfa 60 mínútur fyrir vinnuna í orkuverinu og 20 mínútur í samantekt og mat.

Þetta þarf að ganga hratt. Þátttakendum má ekki leiðast.

Ef þeir þurfa nánari útskýringu á því hvernig finna má hugmynd eða kjörorð sem gæti verið lausn vandamála (6. liður í leiðbeiningunum) mætti taka eftirfarandi dæmi. Ef á öðru blaðinu stendur „einelti“ og á hinu „ofbeldi í sjónvarpi“ gæti annar hópurinn lagt til að haldið yrði námskeið í skólum um viðbrögð við einelti og að ofbeldismyndir yrðu aðeins sýndar eftir kl. ellefu á kvöldin. Hinn hópurinn gæti lagt til að komið yrði á þjálfun unglinga til að sjá um jafningjafræðslu um einelti og að ofbeldismyndir mætti ekki sýna eftir kl. níu á kvöldin. Hóparnir tveir ræða síðan tillögurnar og sameina þær eða breyta þeim áður en þær eru skrifaðar á „lausnablöðin“. Hvor hópur má koma með tvær eða fleiri tillögur en ein nægir.

Ef hópurinn er mjög lítill er hægt að hafa einn hóp „tæknimanna“. Ástæðan fyrir því að hóparnir eru hafðir tveir er sú að þá koma oft fram ólíkar lausnir á sama vandamáli og valkostirnir verða fleiri.

Inngangsverkefnið „Mannlega vélin“ á bls. 57 gæti verið góð upphitun fyrir þetta verkefni.

Þessa aðferð er hægt að nota á öll viðfangsefni sem snúast um það að greina vandamál og finna lausnir.

Tillögur um framhald

Mismunun eða kynjamisrétti hefur ef til vill borið á góma í „orkuverinu“. Þótt svo hafi ekki verið gæti verið spennandi að fjalla um mál sem tengjast sjálfsmynd og rétti til jöfnuðar að virðingu og réttindum. Sjá verkefnið „Hverjir eru ég?“ á bls. 139.

Hugmyndir um aðgerðir

Taka mætti fyrir eitthvert vandamálið sem var tilgreint í þessu verkefni. Ef viðfangsefnið var t.d. einelti gæti hópurinn gert tillögu um að stofna vinnuhóp í skólanum og sett hana á dagskrá á næsta skóla- eða nemendaráðsfundi.

Til athugunar: Hugmyndin að verkefninu var fengin úr verkefni frá Dariusz Grzemny hjá Samtökum í þágu barna og ungmenna (Chance), Glogow, Póllandi.